

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Ársreikningur 2016

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Skólavegi 2
900 Vestmannaeyjar
Kt. 580572-0229

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Efnisyfirlit

| | bls. |
|-------------------------------------|-------|
| Skýrsla stjórnar | 2-3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4-5 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu | 9 |
| Skýringar | 10-22 |
| Kennitölur | 21-22 |
| Deildarskipt séreignardeild | 23-25 |

Skýrsla stjórnar

Hlutverk lífeyrissjóðsins

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu í samræmi við 52. gr. þeirra laga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðsfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samyktir sjóðsins. Hjá sjóðnum starfa 3 starfsmenn í 2,75 stöðugildum.

Nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða

Ársreikningur sjóðsins er unnin í samræmi við nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða, sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. Fyrra árs tölum er breytt til samræmis við hinar nýju uppgjörsaðferðir. Þá hafa kennitölur vegna eldri ára verið endurreiknaðar til samræmis við hinar nýju reglur þar sem það á við. Nánari grein er gerð fyrir áhrifum breytinganna í skýringu 2 í reikningnum.

Helstu upplýsingar um rekstrarár, væntanleg þróun sjóðsins og yfirlýsing um stjórnarhætti

Árið 2016 var hrein raunávöxtun Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja neikvæð um 1,26% samanborið við jákvæða raunávöxtun um 7,9% árið 2015. Þetta er fyrsta skiptið frá 2008 sem hrein raunávöxtun er neikvæð. Ávöxtun á eignum sjóðsins var undir markmiðum og má það einkum rekja til lítillar hækkunar á skráðum innlendum hlutafélögum og mikillar styrkingar krónunnar, en um 32% af fjárfestingum sjóðsins eru í erlendri mynt.

Sjóðsfélagar og iðgjöld

Á árinu 2016 greiddu 2.363 sjóðsfélagar iðgjöld til sjóðsins. Iðgjöld ársins námu 1.376 milljónum króna sem er lækkun um 0,7% milli ára. Fjöldi virkra sjóðsfélaga sem að jafnaði greiða til sjóðsins með reglubundnum hætti í hverjum mánuði voru 1.681.

Lífeyrisgreiðslur

Heildar lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.463 milljónum króna sem er lækkun um 7,8% milli ára eða 105,8 millj.kr. Eftirlaunagreiðslur námu 891 millj.kr., örorkulífeyrir nam 455 millj.kr., makalífeyrir nam 94 millj.kr. og barnalífeyrir nam 7 millj.kr. Þá námu lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild 16 millj.kr. sem er lækkun upp á 28%. Lífeyrisþegar í árslok voru 1.605.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2016 var 89 millj.kr. sem er lækkun um 8,2% frá fyrra ári. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,19%. Stöðugildi á árinu voru 2,75 og námu launagreiðslur 33 millj.kr.

Ávöxtun og eignir

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 45.723 millj.kr. í árslok og sem er lækkun upp á 0,7% frá fyrra ári. Hrein eign séreignardeildar nam 329 millj.kr. sem er lækkun upp á 4,8% frá fyrra ári. Raunávöxtun séreignardeildar var neikvæð um 7,82%. Safn I -6,2% og Safn II -8,8%. Hrein nafnávöxtun sjóðsins var 0.81% á árinu m.v. 10.05% árið áður.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið gerð á stöðu sjóðsins í árslok 2016. Tryggingafræðileg afkoma ársins er neikvæð um 4.059 millj.kr. Sem er veikari staða en í árslok 2015 en þá var staðan jákvæð um 70 millj.kr. Áfallin staða er neikvæð um 2.871 millj.kr. en hún var jákvæð um 533 millj.kr. í árslok 2015. Heildar staða sjóðsins er því neikvæð um 6,16% í árslok 2016 samanborið við 0,11% jákvæða stöðu í árslok 2015.

Áhættustefna, áhættuskýrslur og rekstraráhættumat

Stjórn Lífeyrissjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu, og mótaðilaáhættu. Áhættustýring gefur út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn sem eru lagðar fyrir stjórn á hverjum stjórnarfundum. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Jafnframt hefur Áhættustýring umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Í rekstraráhættumatinu er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, hættu á sviksemi, orðsporsáhættu, upplýsingatækniahættu og áhættu tengda verkferlum.

Skýrsla stjórnar

Ófjárhagslegar upplýsingar

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar sem og viðbótarkröfur fyrir félög sem teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eða yfir stærðarmörkum stórra félaga. Þau félög skulu birta yfirlit með skýrslu stjórnar þar sem fram koma upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Í yfirlitinu ber einnig að greina frá stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum ásamt því að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani og viðeigandi ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Lögin gera þá kröfu að hafi félag ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skuli gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja telst vera eining tengd almannahagsmunum og fellur því undir þessar kröfur. Kröfurnar koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins í íslensk lög. Fyrir aðildarríki Evrópusambandsins gildir fyrrgreint ákvæði frá og með árinu 2017 og hafa leiðbeiningar Evrópusambandsins vegna innleiðingar þess ekki verið birtar. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs hefur sjóðnum ekki tekist að ljúka innleiðingu á þessu ákvæði. Innleiðingin mun eiga sér stað á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar frá og með næsta ársreikningi.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsskiladags fram að áritunardegi hafa ekki orðið atburðir sem gætu haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Það er álit stjórnar að allar upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri á síns og fjárhagslegri þróun. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 2017

Í stjórn


Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar


Arnar Hjaltalín, varaformaður


Ása Ingibergsdóttir


Guðný Óskarsdóttir

Þjóðhildur Þórðardóttir



Framkvæmdastjóri

Þorsteinn Guðmundsson




Haukur Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði Vestmannaeyja í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlitsfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 30. apríl 2017.

Deloitte ehf.

Halldór Arason

endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Iðgjöld | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 459.011 | 467.388 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 916.765 | 918.097 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (14.200) | (13.887) |
| | | <u>1.361.575</u> | <u>1.371.599</u> |
| Sérstök aukaframlög | 3 | 79.346 | 77.659 |
| | | <u>1.440.921</u> | <u>1.449.257</u> |
| Lífeyrir | | | |
| Heildarfjárhæð lífeyris | 4 | 1.462.905 | 1.357.089 |
| Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs | | 11.035 | 14.324 |
| Eftirlaun frá Tryggingastofnun | | (172) | (169) |
| | | <u>1.473.769</u> | <u>1.371.244</u> |
| Hreinar fjárfestingartekjur | | | |
| Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum | 5 | (909.645) | 2.862.887 |
| Hreinar tekjur af skuldabréfum | 6 | 1.356.675 | 1.334.579 |
| Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum | | 25.555 | 29.796 |
| Vaxtatekjur af handbæru fé | | 6.163 | 1.816 |
| Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum | | 4.654 | (422) |
| Fjárfestingargjöld | 7 | (26.321) | (3.822) |
| | | <u>457.081</u> | <u>4.224.834</u> |
| Rekstrarkostnaður | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 8 | 88.697 | 82.003 |
| | | <u>88.697</u> | <u>82.003</u> |
| Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris | | 335.536 | 4.220.844 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | <u>45.387.224</u> | <u>41.166.380</u> |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | | <u>45.722.760</u> | <u>45.387.224</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|--|-------|-------------------|-------------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 9 | 23.114.342 | 23.734.322 |
| Skuldabréf | 10 | 21.716.278 | 20.798.706 |
| Bundnar bankainnstæður | | 293.708 | 543.452 |
| | | <u>45.124.328</u> | <u>45.076.480</u> |
| Kröfur | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 127.753 | 126.969 |
| Aðrar kröfur | | 0 | 6.944 |
| | | <u>127.753</u> | <u>133.914</u> |
| Ýmsar eignir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 13 | 16.571 | 17.807 |
| | | <u>16.571</u> | <u>17.807</u> |
| Handbært fé | | <u>463.442</u> | <u>176.608</u> |
| Eignir samtals | | <u>45.732.094</u> | <u>45.404.808</u> |
| Skuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 17.584 |
| Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur | | 5.459 | 0 |
| Aðrar skuldir | | 3.875 | 0 |
| Skuldir samtals | | <u>9.334</u> | <u>17.584</u> |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | <u>45.722.760</u> | <u>45.387.224</u> |
| Skuldbindingar utan efnahags | 15 | | |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

| | 2016 | 2015 |
|--|------------------|------------------|
| Inngreiðslur | | |
| Iðgjöld | 1.360.792 | 1.375.413 |
| Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum | 31.718 | 31.612 |
| Aðrar inngreiðslur | 68.706 | 103.308 |
| | <u>1.461.216</u> | <u>1.510.334</u> |
| Útgreiðslur | | |
| Lífeyrir | 1.473.769 | 1.371.244 |
| Rekstrarkostnaður | 88.697 | 82.003 |
| Aðrar útgreiðslur | 9.334 | (6.463) |
| | <u>1.571.800</u> | <u>1.446.784</u> |
| Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga | (110.584) | 63.550 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | |
| Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum | 1.411.144 | 1.492.592 |
| Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum | (3.456.998) | (2.675.127) |
| Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum | 2.625.961 | 1.413.441 |
| Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa | 778.512 | 1.139.140 |
| Keypt skuldabréf | (1.838.009) | (3.535.951) |
| Seld skuldabréf | 601.509 | 1.844.532 |
| Endurgreidd bundin innlán | 275.300 | 113.932 |
| | <u>397.418</u> | <u>(207.441)</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 286.835 | (143.891) |
| Handbært fé í upphafi árs | 176.608 | 320.499 |
| | <u>463.442</u> | <u>176.608</u> |

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2016

Tryggingafræðileg staða 2016

| Eignir | Skýr. | Áfallin skuldbinding | Framtíðar- skuldbinding | Heildar- skuldbinding |
|--|-------|-------------------------|----------------------------|--------------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris..... | | 45.393.328 | 0 | 45.393.328 |
| Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa..... | | 1.319.709 | 0 | 1.319.709 |
| Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa..... | | (418.758) | 0 | (418.758) |
| Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar..... | | (378.694) | 0 | (378.694) |
| Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar..... | | (1.125.476) | (850.424) | (1.975.900) |
| Núvirði framtíðariðgjalda..... | | 0 | 17.838.198 | 17.838.198 |
| Eignir samtals..... | | <u>44.790.109</u> | <u>16.987.774</u> | <u>61.777.883</u> |
| Skuldbindingar | | | | |
| Ellilífeyrir..... | | 38.142.148 | 13.951.776 | 52.093.924 |
| Örorkulífeyrir..... | | 6.281.425 | 2.964.908 | 9.246.333 |
| Makalífeyrir..... | | 3.204.327 | 942.084 | 4.146.411 |
| Barnalífeyrir..... | | 33.311 | 316.440 | 349.751 |
| Skuldbindingar samtals..... | | <u>47.661.210</u> | <u>18.175.208</u> | <u>65.836.418</u> |
| Eignir umfram skuldbindingar | 14. | (2.871.102) | (1.187.434) | (4.058.535) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok..... | | -6,02% | -6,53% | -6,16% |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun..... | | -6,47% | -6,73% | -6,55% |

Tryggingafræðileg staða 2015

| Eignir | Skýr. | Áfallin skuldbinding | Framtíðar- skuldbinding | Heildar- skuldbinding |
|--|-------|-------------------------|----------------------------|--------------------------|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris..... | | 45.041.375 | 0 | 45.041.375 |
| Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa..... | | 1.547.805 | 0 | 1.547.805 |
| Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa..... | | (390.129) | 0 | (390.129) |
| Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar..... | | (648.142) | 0 | (648.142) |
| Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar..... | | (663.905) | (528.999) | (1.192.903) |
| Núvirði framtíðariðgjalda..... | | 0 | 17.703.219 | 17.703.219 |
| Eignir samtals..... | | <u>44.887.004</u> | <u>17.174.220</u> | <u>62.061.225</u> |
| Skuldbindingar | | | | |
| Ellilífeyrir..... | | 35.128.363 | 13.545.737 | 48.674.099 |
| Örorkulífeyrir..... | | 6.039.346 | 2.886.963 | 8.926.309 |
| Makalífeyrir..... | | 3.152.454 | 918.498 | 4.070.952 |
| Barnalífeyrir..... | | 33.495 | 286.543 | 320.039 |
| Skuldbindingar samtals..... | | <u>44.353.658</u> | <u>17.637.741</u> | <u>61.991.399</u> |
| Eignir umfram skuldbindingar | 14. | 533.346 | (463.521) | 69.826 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok..... | | 1,20% | -2,63% | 0,11% |
| Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun..... | | 1,28% | -2,81% | 0,12% |

Skýringar.

1. Starfsemi

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingardeilda en að auki rekur hann séreignadeild.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum vegna nýrra reglna

Við gerð ársreikningsins nú er byggt á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í þessum nýju reglum er megin reglan sú að eignir skuli metnar á gangvirði. Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja tók þá ákvörðun að meta öll skuldabréf sem haldið til gjaldaga og koma þá ekki til afturvirkra leiðréttinga á samanburðartölum.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|-----------------------------|-------------------|--------|--------------|------------|
| | 2016 | 2015 | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
| Evra (EUR) | 133,22 | 145,89 | 118,80 | 140,93 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 120,39 | 131,53 | 112,55 | 129,28 |
| Sterlingspund (GBP) | 163,41 | 201,09 | 138,57 | 191,59 |
| Dönsk króna (DKK) | 17,89 | 19,56 | 15,98 | 18,88 |
| Norsk króna (NOK) | 14,33 | 16,32 | 13,07 | 14,70 |

Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningnum eru sýndar í þúsundum króna.

Áhættustjórnun

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhættan er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig skýringu á þeim er háttað. Sjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga í þeim tilgangi að verja áhættu í starfi hans, hvorki fjárhagslega áhættu eða lýðfræðilega.

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum.

Gangvirðismat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn ákvarðar gangvirði hinna ýmsu fjáreigna sinna.

Gangvirði fjáreigna sem reglulega eru metin til gangvirðis

Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: gangvirðismatið byggir á uppgefnu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).

Stig 3: gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar sjóðfélagi hefur áunnið sér réttindi hjá sjóðnum. Jafnframt er áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í árslok í samtryggingardeild og er sú áætlun byggð á skilum á iðgjöldum á undanförunum árum. Ógreidd iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækunar og jöfnunar á örorkubyrði á milli lífeyrissjóða.

Skýringar.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins og skiptast þær í eftirlaun, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris er kostnaður við örorkumat.

Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptist í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf og eru þau metin á gangvirði.

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru færð sem haldið er til gjalddaga og útlán til sjóðfélaga, slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

3. Sérstök aukaframlög

| | 2016 | 2015 |
|--|---------------|---------------|
| Framlag frá ríkinu til jöfnunar á örorkubyrgði lífeyrissjóða | 79.346 | 77.659 |
| | <u>79.346</u> | <u>77.659</u> |

4. Heildarfjárhæð lífeyris

| | 2016 | 2015 |
|--|------------------|------------------|
| Ellilífeyrir | 890.557 | 804.786 |
| Örorkulífeyrir | 455.197 | 431.127 |
| Makalífeyrir | 93.576 | 90.270 |
| Barnalífeyrir | 7.384 | 8.420 |
| | <u>1.446.714</u> | <u>1.334.603</u> |
| Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild I | 12.765 | 10.953 |
| Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild II | 3.426 | 11.533 |
| | <u>1.462.905</u> | <u>1.357.089</u> |

Skýringar.

5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

| | Bókfært verð 31.12.2016 | Arður | Gangvirðis- breytingar | Hreinar tekjur samtals 2016 | Hreinar tekjur samtals 2015 |
|------------------------------------|----------------------------|------------------|---------------------------|--------------------------------|--------------------------------|
| Marel hf. | 947.738 | (10.097) | (20.703) | (30.800) | 540.873 |
| Össur hf. | 905.150 | (5.723) | (185.022) | (190.745) | 293.370 |
| Vinnslustöðin hf. | 868.619 | (57.570) | 115.141 | 57.571 | 360.190 |
| Jarðvarmi slhf. | 806.513 | 0 | 192.888 | 192.888 | 3.551 |
| Icelandair Group hf. | 532.847 | (15.874) | (250.287) | (266.161) | 326.004 |
| FSÍ (Framtakssjóður Ís) slhf. | 443.257 | (34.817) | 107.633 | 72.816 | (4.424) |
| Reginn hf. | 347.925 | 0 | 87.645 | 87.645 | 84.601 |
| Horn II slhf. | 322.936 | (21.726) | 113.233 | 91.507 | 40.665 |
| Aðrar eignir | 4.346.806 | (184.134) | 644.525 | 460.391 | 744.066 |
| | <u>9.521.791</u> | <u>(329.941)</u> | <u>805.053</u> | <u>475.112</u> | <u>2.388.896</u> |

5.2 Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

| | Bókfært verð 31.12.2016 | Áhrif gjaldmiðils | Gangvirðis- breytingar | Hreinar tekjur samtals 2016 | Hreinar tekjur samtals 2015 |
|---|----------------------------|----------------------|---------------------------|--------------------------------|--------------------------------|
| Black Rock Dynamic USD A2 | 3.799.191 | (510.051) | 238.105 | (271.946) | (14.085) |
| Alliance Global Growth Tr.A | 973.332 | (144.681) | (16.755) | (161.436) | 26.765 |
| Henders.Gartm.Fund,Continental E | 743.749 | (138.545) | (3.383) | (141.928) | 43.156 |
| Sparinvest Global Value Fund | 740.798 | (137.995) | 111.964 | (26.031) | 21.466 |
| Alliance Global Value PortfolioA | 698.755 | (103.867) | 49.359 | (54.508) | (19.586) |
| NWF Group PLC | 585.977 | (230.618) | (47.134) | (277.752) | 190.945 |
| Skagen Kon-Tiki Fund | 555.435 | (103.466) | 75.271 | (28.195) | (88.156) |
| BlackRock GI.funds,Emerg.Euro.Fu | 506.749 | (94.779) | 120.175 | 25.396 | (49.191) |
| Crown Co-Inv.Opportunities | 395.698 | (52.387) | 41.676 | (10.711) | 34.031 |
| Skagen Global Fund E-Shares | 355.556 | (66.233) | 20.385 | (45.848) | (28.451) |
| Crown Global Secondaries III PLC | 343.901 | (45.544) | 23.872 | (21.672) | 64.367 |
| Alliance Emerg.Mark.Growth A | 331.192 | (49.230) | 24.967 | (24.263) | (35.101) |
| Aðrar eignir | 3.562.218 | (484.704) | 138.841 | (345.863) | 327.831 |
| | <u>13.592.551</u> | <u>(2.162.100)</u> | <u>777.343</u> | <u>(1.384.757)</u> | <u>473.991</u> |
| Samtals hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum..... | | | | <u>(909.645)</u> | <u>2.862.887</u> |

6. Hreinar tekjur af skuldabréfum

6.1 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

| | Vaxtatekjur og verðbætur | Áhrif gjaldmiðils | Breytingar á niðurfærslu | Samtals 2016 | Samtals 2015 |
|---|-----------------------------|----------------------|-----------------------------|------------------|------------------|
| Skuldabréf sem haldið er til gjalddaga | | | | | |
| Ríkisvixlar og -skuldabréf | 744.155 | (22.475) | 0 | 721.680 | 843.037 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 280.629 | 0 | 41.790 | 322.419 | 201.316 |
| Skuldabréf og vixlar lánastofnan | 30.213 | 0 | 1.537 | 31.750 | 20.621 |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 49.850 | 0 | (7.589) | 42.261 | 12.809 |
| Önnur verðbréf | 340.447 | (101.883) | 0 | 238.564 | 256.796 |
| | <u>1.445.294</u> | <u>(124.358)</u> | <u>35.739</u> | <u>1.356.675</u> | <u>1.334.579</u> |

Skýringar.

7. Fjárfestingargjöld

| | 2016 | 2015 |
|--|---------------|--------------|
| Kostnaður vegna verðbréfavíðskipta | 10.414 | (6.411) |
| Gengismunur verðbréfa | 15.907 | 10.233 |
| | <u>26.321</u> | <u>3.822</u> |

Þóknun vegna umslýslu

Önnur fjárfestingargjöld eru annars vegar beinn útlagður kostnaður við fjárfestinga sjóðsins, s.s. þóknarir vegna miðlunar verðbréfa, vörslugjöld og tilfallandi kostnaður vegna skoðunar á fjárfestingarkostum og hins vegar óbeinn kostnaður vegna umslýsluþóknana verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóða. Óbeini kostnaðurinn er ekki greiddur beint af sjóðnum, heldur kemur hann fram í gengismun viðkomandi sjóða. Á árinu 2016 var þessi óbeini kostnaður vegna umslýslugjalda hjá verðbréfa- og fjárfestingasjóðum 161,2 millj.kr. eða 1,6% af undirliggjandi eignum í stýringu. Vegna fagfjárfestastjóða nam þessi óbeini kostnaður vegna umslýslugjalda 126,1 millj.kr. eða 3% og vegna árangurstengdra þóknana 34,4 millj.kr. eða 0,8% af undirliggjandi eignum í stýringu.

8. Rekstrarkostnaður

8.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

| | 2016 | 2015 |
|--------------------------------|---------------|---------------|
| Laun og launatengd gjöld | 40.931 | 38.986 |
| Ytri Endurskoðun | 6.654 | 5.270 |
| Innri endurskoðun | 2.574 | 1.234 |
| Tryggingafræðileg aðstoð | 2.310 | 2.279 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 4.887 | 4.020 |
| Annar kostnaður | 31.341 | 30.214 |
| | <u>88.697</u> | <u>82.003</u> |

8.2 Laun og launatengd gjöld:

| | 2016 | 2015 |
|-------------------------|---------------|---------------|
| Laun starfsfólks..... | 24.047 | 23.465 |
| Stjórnarlausn..... | 6.223 | 5.572 |
| Ræstingarlausn..... | 1.407 | 1.688 |
| Endurskoðunarnefnd..... | 1.288 | 1.152 |
| Launatengd gjöld | 7.967 | 7.108 |
| | <u>40.931</u> | <u>38.986</u> |

| | | |
|------------------------------|------|---|
| Stöðugildi að meðaltali..... | 2,75 | 3 |
|------------------------------|------|---|

8.3 Laun stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefndar:

| | 2016 | 2015 |
|---|---------------|---------------|
| Arnar Sigurmundsson, formaður..... | 1.451 | 1.223 |
| Arnar G. Hjaltalín, varaformaður..... | 1.363 | 1.262 |
| Guðný Óskarsdóttir, stjórnarmaður..... | 804 | 718 |
| Þorsteinn I. Guðmundsson, stjórnarmaður..... | 560 | 0 |
| Þjóðhildur Þórðardóttir, stjórnarmaður..... | 804 | 718 |
| Andrea Atladóttir, stjórnarmaður..... | 560 | 230 |
| Ása Ingibergsdóttir, varamaður..... | 300 | 511 |
| Aníta Óðinsdóttir, varamaður..... | 109 | 98 |
| Friðrik Björgvinsson, varamaður..... | 0 | 72 |
| Örvar Guðni Arnarsson, varamaður..... | 28 | 23 |
| Valmundur Valmundsson, fv. stjórnarmaður..... | 244 | 718 |
| Haukur Jónsson, framkvæmdastjóri..... | 14.506 | 12.626 |
| | <u>20.728</u> | <u>18.198</u> |

Skýringar.

8. Rekstrarkostnaður (framhald)

8.4 Þóknarir til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings sjóðsins:

| | 2016 | 2015 |
|---|---------------|--------------|
| Þóknun fyrir ytri endurskoðun..... | 5.306 | 3.956 |
| Önnur þjónusta ytri endurskoðanda..... | 1.348 | 1.314 |
| Þóknun fyrir innri endurskoðun..... | 2.574 | 1.234 |
| Þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu..... | 2.310 | 2.279 |
| | <u>11.538</u> | <u>8.783</u> |

9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

| | Skráð | Óskráð | 2016 | 2015 |
|--|-------------------|------------------|-------------------|-------------------|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 4.057.159 | 5.346.441 | 9.403.600 | 9.861.657 |
| Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum | 2.180.023 | 1.609.060 | 3.789.083 | 3.997.551 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 0 | 118.191 | 118.191 | 516.021 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 9.803.468 | 0 | 9.803.468 | 9.359.093 |
| | <u>16.040.651</u> | <u>7.073.691</u> | <u>23.114.342</u> | <u>23.734.322</u> |

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| | 2016 | | | 2015 | | |
|---------------------------------------|-----------|------------------|------------------|-----------|------------------|------------------|
| | Hlutdeild | Kostnaðarverð | Gangvirði | Hlutdeild | Kostnaðarverð | Gangvirði |
| Skráð félög: | | | | | | |
| Marel hf..... | 0,53% | 285.932 | 947.738 | 0,62% | 331.837 | 1.147.418 |
| Össur hf..... | 0,52% | 244.835 | 905.150 | 0,56% | 265.933 | 1.197.426 |
| Icelandair Group hf..... | 0,46% | 345.742 | 532.847 | 0,45% | 322.259 | 795.898 |
| Reginn hf..... | 0,85% | 108.893 | 347.925 | 0,93% | 108.893 | 260.280 |
| Hampiðjan hf..... | 1,53% | 158.429 | 260.499 | 1,01% | 84.643 | 138.868 |
| Eimskipafélag Íslands hf..... | 0,39% | 185.590 | 249.938 | 0,39% | 185.590 | 182.513 |
| Síminn hf..... | 0,00% | 0 | 0 | 0,69% | 208.048 | 242.098 |
| HB Grandi hf..... | 0,33% | 69.962 | 153.794 | 0,33% | 69.962 | 243.113 |
| Skeljungur hf..... | 1,06% | 148.934 | 150.608 | 0,00% | 0 | 0 |
| Reitir fasteignafélag hf..... | 0,19% | 97.204 | 131.455 | 0,16% | 80.823 | 101.178 |
| N1 hf..... | 0,00% | 0 | 0 | 0,64% | 31.523 | 116.515 |
| Eik fasteignafélag hf..... | 0,25% | 64.316 | 93.079 | 0,21% | 49.683 | 56.398 |
| Iceland Seafood International hf..... | 1,43% | 100.000 | 92.037 | 0,00% | 0 | 0 |
| Tryggingamiðstöðin hf..... | 0,22% | 32.256 | 43.242 | 0,22% | 35.499 | 39.955 |
| Hagar hf..... | 0,06% | 19.614 | 39.300 | 0,67% | 212.308 | 352.924 |
| Nýherji hf..... | 0,40% | 27.782 | 36.364 | 0,00% | 0 | 0 |
| Century Aluminum Company..... | 0,00% | 95.125 | 31.892 | 0,00% | 95.125 | 23.933 |
| Vátryggingafélag Íslands hf..... | 0,14% | 27.075 | 29.573 | 0,64% | 129.325 | 141.101 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf..... | 0,05% | 8.410 | 11.718 | 0,06% | 10.766 | 12.670 |
| Fjarskipti hf..... | 0,00% | 0 | 0 | 0,05% | 3.432 | 8.325 |
| | | <u>2.020.099</u> | <u>4.057.159</u> | | <u>2.225.649</u> | <u>5.060.614</u> |

Skýringar.

9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum (framhald)

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| | 2016 | | | 2015 | | |
|--|-----------|------------------|------------------|-----------|------------------|------------------|
| | Hlutdeild | Kostnaðarverð | Gangvirði | Hlutdeild | Kostnaðarverð | Gangvirði |
| Óskráð félög: | | | | | | |
| Vinnslustöðin hf..... | 5,84% | 264.919 | 868.619 | 5,84% | 264.919 | 868.619 |
